

Brain storm fundur 20.maí 2015

Mættir eru úr stjórn Dían, Biggi, Gréta og Jón Svan en Hlynur var staddur erlendis.

Aðrir fundargestir voru.

Hannes, Gunni Stígur, Siggi, Lalli, Óskar, Jón Garðar, Svafar, Anna Hermanns, Kjartan, Guðmundur Péturs, Pétur Alan.

Uppástungur frá fundargestum voru eftirfarandi.

Ath stigagjöf. Jón Garðar gerði athugasemd við að Hv væri enn inni í stigagjöf og einnig að bæta við tveimur stigum fyrir ms og einu fyrir vms. Einnig stakk hann upp á að stig fyrir Kf væru frá 7 til 1

Sæst var á að stjórn Vorsteh deildar færi í málið og breytti ef þurfa þykir.

Einnig tjáðu sig um málið Kjartan og Svafar

Heimasíða. Hannes talaði um að minnka vægi heimasíðu en auka á mótí facebook síðu deildarinnar.

Jón Garðar tjáði sig um hversu frábært Kaldaprófið var og það hefði verið æðislegt að hafa 3.daga í Kf. Þannig væru hundar sem eru Of skildir frá hundum í Kf eða öfugt.

Svafar stakk upp á að í tilefni 20 ára sögu veiðiprófa á Íslandi yrði eitthvað gert til hátíðarbrigða árið 2016 (afmælisnefnd?)

Jón Garðar stakk upp á að fá til landsins til þess hæft fólk að halda námskeið á svipuðum nótum og Gunnar og Elisabet.

Rætt var um fjáröflunarleiðir fyrir deildina. Var meðal annars stungið upp á árgjaldi í deildina kr.1.000 og grillkvöldi, kaffisjóð, rukka fyrir sækiæfingar og einnig frálsum framlögum.

Rætt var um mönnun sýninga þegar þarf. Hvort ekki ætti að hafa gulrót fyrir þá sem aðstoða í einhverskonar formi.

Sumarsýning. Skoða að fá tjald til að selja kaffi og kruðerí.

Gjaldskrá HRFI en ekkert var um það sagt

Fá félagaskrá deildarinnar hjá HRFI

Díana varpaði fram þeirri hugmynd að hætta með besta hund prófs með góðum rökstuðningi sem tekið var vel í á fundinum.

Fá aðila sem eru í eða eru að fylgjast með prófum að senda inn lýsingar á netið sem allir geti séð.

Uppástunga kom með að ath með féhreinsun hunda. ATH í Noregi hvernig þeir fara að því að fá leyfi. Einnig kom fram að tölverður tími sé liðinn frá því reynt var að fá leyfi fyrir þessu síðast. Spurning hvort nýtt fólk í mast eða þeir sem að málinu koma séu með aðra skoðun í dag.

Jón Garðar spurði af hverju Vorsteh deild notaði ekki Íslenska dómara.

Kjartan sagði sitt viðhorf um það mál og benti á að þá gætu Íslensku dómarnir allir skráð hundana sína í próf.

Vorsteh próf útfyrir borgarmörkin. Til dæmis Úlfjótuvatn eða önnur svæði

Finna leið til að auka áhuga fólks á að taka þátt með sína hunda í viðburðum deildanna almennt.

Rætt var um dúfna æfingar og hvernig mætti standa að þeim og hvort áhugi sé fyrir hendi.

Spurt var um hvort hægt væri að fjölga æfingagöngum og halda sækipróf í nafni deildarinnar.

Anna Hermanns kom með þá hugmynd að rukka fyrir bronspóf

Hugmynd kom fram um hvort ekki mætti halda æfingapróf fyrir byrjendur

Taka myndir út prófum og sýningum til að setja á netið

Lalli og Gunni töluðu um að Krag Borg kennel vildi koma til Íslands og einnig Ander Sim og Arnfinn

Nota aðstöðu mína til að koma hugmynd frá Kjartani á framfæri til stjórnar er varðar stigagjöf Vorsteh hunda. Kjartan kom ekki með þessa hugmynd á fundinum enda fékk hann hana ekki fyrir en daginn eftir. En það er hugmynd um að skilja keppnisflokk og opinn flokk frá hvor öðrum. Kjartan setti þessa hugmynd inn á facebook síðu deildarinnar og tóku allir sem tjáðu sig um málið vel í tillöguna. Þetta myndi leysa öll mál og kítur um stigahæstu hundana.

Fyrir hönd stjórnar

Gréta ritari